

HOFSSSTAÐASKÓLI 2016-2017

Nemendur í 1. – 7. bekk

1. bekkur	81 nemendur í tveimur umsjónarhópum – fjórir umsjónarkennarar
2. bekkur	91 nemendur í tveimur umsjónarhópum - fjórir umsjónarkennarar
3. bekkur	73 nemendur í þremur umsjónarhópum - þrír umsjónarkennarar
4. bekkur	82 nemendur í tveimur umsjónarhópum - fjórir umsjónarkennarar
5. bekkur	59 nemendur í þremur umsjónarhópum - þrír umsjónarkennarar
6. bekkur	74 nemendur í þremur umsjónarhópum - þrír umsjónarkennarar
7. bekkur	74 nemendur í þremur umsjónarhópum - þrír umsjónarkennarar
	Alls 534

Starfsmenn alls 90

37	Kennarar. Allir með kennsluréttindi og allir nema þrír í 100% starfshlutfalli. Tveir kennarar eru í leyfi þetta skólaár. Langtíma veikindaleyfi og launalaust leyfi.
5	Stjórnendur, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og þrír deildarstjórar
6	Sérfræðingar; þroskajálfar, kennsluráðgjafi, námsráðgjafi og bókasafnsfræðingur
11	Skólaliðar, húsvörður, matráður starfsmanna og skólaritari. Einn skólaliði er í veikindaleyfi
6	Stuðningsfulltrúar
20	Umsjónarmaður tómstundaheimilis og 19 leiðbeinendur í 25-50% starfshlutfalli eða tímavinnu
5	Sálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur, forfallakennarar og stundakennari í forritun
Starfsmenn eru alls 90	

Áherslur Hofsstaðaskóla

Leiðarljós skólans er: Vellíðan, virkni, verkmennt, viska og vinnusemi. Áhersla er lögð á að skapa jákvæðan skólabrag og að góður vinnuandi sé ríkjandi. Allir sem í skólanum starfa stuðla að og viðhalda góðum starfsanda þar sem öryggi, vellíðan og heilbrigði eru í fyrirrúmi. Gagnkvæmt traust, virðing, samábyrgð, tillitssemi og kurteisleg framkoma er höfð að leiðarljósi. Námsagi einkennist af því að tillit sé tekið til þarfa nemenda, þroska þeirra og hæfni með áherslu á mannréttindi, jafnrétti, lýðræðisleg vinnubrögð og bann við mismunun af öllu tagi. Leiðarljós skólans og skólareglur marka ramma utan um skólabrag. Skólinn er *Heilsueflandi skóli* og *Skóli á Grænni grein*. Orð af orði er verkefni sem hefur verið unnið að í nokkur ár. Fjölbreytt vinna tengd *Læsi* er jafnan á dagskrá og unnið skv. lestrarstefnu skólans. Sérstök viðbragðsáætlun er fyrir hendi ef nemendur sinna ekki heimalestri. List- og verkgreinar ásamt upplýsingatækni skipa stóran sess í skólanum ásamt heimspeki, hugleiðslu, jóga, forritun, heilsurækt, lífsleikni, náttúrugreinum auk hefðbundinna námsgreina. Vinaliðaverkefni er á dagskrá í 5. – 7. bekk og sjá nemendur um leikjadagskrá í frímínútum. SKÍN er þróunarverkefni sem er á öðru ári og er unnið í samstarfi við Garðaskóla og Shoeburnesskólann í Southend on Sea. Í tengslum við SKÍN fara kennarar í s.k. Lærdómsgöngur um skólann og taka þátt í Félagastuðningi auk þess sem stjórnendur fara í markvisst innlit í kennslustundir og meta kennslu út frá fyrirfram ákveðnum þáttum.

Námsmat

Námsmat er fjölbreytt og lögð áhersla á markmiðabundið námsmat þar sem nemendur vita nákvæmlega til hvers er ætlast og foreldrar/forráðamenn upplýstir reglulega um stöðu nemenda. Hefðbundin próf og ýmis konar verkefni eru einnig hluti af námsmati.

Tómstundaheimilið Regnboginn

Þar eru skráð 240 börn. Erfiðlega hefur gengið að ráða starfsmenn. M.v. fjölda barna þyrftu að vera 18-20 starfsmenn á dag en nú eru þeir 12-16. Þá eru 15 til 20 börn á hvern starfsmann fyrir utan umsjónarmann. Tómstundaheimilið er með aðstöðu í kjallara skólans og í kennslustofum á neðri hæð. 1. og 2. bekkur er sér og 3. og 4. bekkur sér.

Margrét Harðardóttir og Hafdís Bára Kristmundsdóttir